

- 2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
- 2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar. Urðun brotamálma er óheimil. Leitast skal við að koma brotamálmum til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á.
- 2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.8. Öll losun á úrgangi í fjörur eða í sjó fram er óheimil. Ef urðun úrgangs í Draugagili verður það mikil að áhrifa frá henni fer að gæta í fjörunni fyrir neðan gilið skal starfseminni hætt.
- 2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum sem kostur er á og *leita leiða til endurnýtingar*.
- 2.10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.11. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaradila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heislufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. grein laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og örverurannsóknir er rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins annast.

1. gr.

Gjald rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr/klst
1. Sérfræðingur	1 275
2. Aðstoðarmaður	1 015

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Eðlis- og efnarannsóknir.	kr.
Ákvörðun á sýrumagni (títun)	320
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	250
Eðlisþyngd (pycnometer)	460
Fitumæling (Gerber)	475
Fosfatase próf	315
Litprófun (reduktase próf)	320
Mæling á fríu klóri (Lovibond)	200
Peroxidase próf	320
Purrefnisákvörðun	320
Örverurannsóknir.	kr.
Undirbúningur sýna	385
Talning eftir ræktun á agaræti (mismunandi hitastig)	365
Kólígerlar, MPN eða VRB	280
Saurkólígerlar, MPN eða VRB	260
Staphylococcus aureus	415
Ger- og myglusveppir	370
Súlfít-afoxandi clostridia	415
Bacillus cereus	415
Clostridium perfringens	560
Brochotrix thermospacta	415
Gram — gerlar á CV	365
Pseudomonas, flúoriserandi	415
Fecal streptococcar	415
Mjólkursýrugerlar	415
Loftfirrð ræktun	490
Rodac-skálar með æti	50
Delvopróf (antibiotika)	415
Camphylobacter, ræktun, greining	945
Salmonella, forræktun og forgreining	870
Salmonella, bíogreining með API 20E	1155*
Antibiotika mæling á agaræti **	
Ræktun með Millipore síun **	
Smásjárrannsókn **	

* Undirbúningur innifalinn.

** Sjá 5. grein.

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir, sem getið er í 2. gr., er útgáfa vottorðs eða annarrar skjalfestrar yfirlýsingar, sem varðar niðurstöður sýnis. Séu gefin út fleiri en eitt vottorð fyrir hvert sýni skal greiða kr. 300 fyrir hvert vottorð (svo sem á erlendum tungumálum).

4. gr.

Heimilt er stjórn Hollustuverndar ríkisins að veita afslátt frá þessari gildandi gjaldskrá yfir þjónustumælingar, ef um er að ræða óvenjulega mörg sams konar sýni frá sama aðila. Semja verður sérstaklega um afslátt frá gjaldskrá og skal greiðslufyrirkomulag tilgreint í því samkomulagi.

5. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

6. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. gjaldskrárinnar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi gildir ekki um matvæla- og neysluvörusýni, sem rannsókuð eru fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins staðfestist hér með samkv. 17. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.